



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Sjálfsmat skólaárið 2009 – 2010



Skýrsla sjálfsmatshóps

Umsjón: Dr. Unnar Örn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

	bls
Matsyfirlit	3
Aðgerðaráætlun	6
Inngangur	9
Aðferð við mat	11
Próun matstækja	12
Val þátttakenda.....	14
Gagnasöfnun	14
Greining gagna	15
Útkoma	16
Kennara/áfangamat.....	16
Opin spurning í áfangamatinu	16
Móttaka nemenda af landsbyggðinni	16
Ípróttaafrekssvið	17
Endurmenntun og starfsþjálfun	17
Útskriftarnemar, vorið 2010	17
Hlýtt á starfsmenn	17
Skýrslur deilda.....	18
Niðurstöður/umræða.....	19
Lokaorð og ábendingar.....	22
Heimildir.....	24
Viðauki (sjá hefti með viðaukum).....	
Viðauki 1 Kennaramat/Áfangamat.....	
Viðauki 2 Vinna með skóla	
Viðauki 3 Íslenska 343	
Viðauki 4 Náttúrufræði.....	
Viðauki 5 Kaffistofa.....	
Viðauki 6 Móttaka nemenda af landsbyggðinni	
Viðauki 7 Ípróttaafrekssvið	
Viðauki 8 Endurmenntun og starfsþjálfun.....	
Viðauki 9 Útskriftarnemar, vorið 2010	
Viðauki 10 Hlýtt á starfsmenn.....	
Viðauki 11 Skýrsla samfélagssviðs 2009-2010	
Viðauki 12 Skýrsla málavíðs 2009-2010.....	
Viðauki 13 Skýrsla raungreinasviðs 2009-2010	
Viðauki 14 Dreifing einkunna.....	
Viðauki 15 Skammtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 16 Langtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 17 Skýrsla matarnefndar	
Viðauki 18 Starfsbraut	

Matsyfirlit/helstu niðurstöður/útkoma

Megin niðurstöður úr sjálfsmati við Flensborgarskólann í Hafnarfirði skólaárið 2009 – 2010 er eftirfarandi

Niðurstöður skólans

Fyrirlestrar

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Þetta var góður áfangi.	298	444	257	40	45	0	1084	3,84	1,00
Lesefni áfangans reyndi á mig.	134	268	406	94	166	0	1068	3,10	1,21
Ég skröpaði meira í þessum áfanga en öðrum.	47	72	210	155	576	0	1060	1,92	1,19
Ég lagði meira á mig í þessum áfanga en öðrum.	114	254	488	132	80	0	1068	3,18	1,03
Ég fékk reglulega vitnisburð um námslega stöðu mína í áfanganum.	105	257	408	176	126	0	1072	3,04	1,13
Kennarinn var tilbúinn að breyta áætlun til að koma til móts við þarfir nemenda.	218	347	374	73	56	0	1068	3,56	1,05
Það var auðvelt að skilja aðallesefni áfangans.	255	374	318	73	42	0	1062	3,68	1,04
Verkefni hjálpuðu mér að skilja námsefnið betur.	215	362	389	42	47	0	1055	3,62	1,00
Námsefni áfangans var of erfitt fyrir mig.	36	96	366	284	274	0	1056	2,37	1,07
Markmið áfangans voru vel útskýrð.	234	450	282	53	39	0	1058	3,74	0,98
Námsefnið féll vel að markmiðum áfangans.	235	467	310	23	20	0	1055	3,83	0,86
Nemendur fengu tækifæri til þess að spyrja spurninga.	434	395	180	23	26	0	1058	4,12	0,93
Kennarinn nýtti kennslustundirnar vel.	347	437	206	33	39	0	1062	3,96	0,99
Mér fannst auðvelt að spyrja spurninga í þessum tímum.	316	376	276	45	41	0	1054	3,84	1,03
Það var nauðsynlegt að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu.	276	342	279	86	76	0	1059	3,62	1,16
Ég bjó mig vel undir tíma í þessum áfanga.	107	228	445	146	131	0	1057	3,03	1,12
Kennarinn fylgdi kennsluáætlun vel eftir.	218	491	301	24	23	0	1057	3,81	0,86
Þessi kennari var framúrskarandi.	301	357	304	33	57	0	1052	3,77	1,07
Samtals	3890	6017	5799	1535	1864	0	19105	3,44	

Hvað líkaði þér best við þennan áfanga?

- Kennarinn (49/320)
- Áfanginn (222/320)
- Ekkert (19/320)
- Veit ekki (6/320)
- Annað (24/320)

Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga?

- Kennarinn (22/298)
- Áfanginn (185/298)
- Ekkert (61/298)
- Veit ekki (5/298)
- Annað (25/298)

Hvernig heldur þú að það sé hægt að bæta þennan áfanga?

- Kennarinn (11/242)
- Áfanginn (125/242)
- Ekkert (22/242)
- Veit ekki (36/242)
- Annað (48/242)

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

- Kennarinn (11/178)
- Áfanginn (18/178)
- Nei (110/178)
- Annað (39/178)

Móttaka nemenda af landsbyggðinni (MNL)

- MNL eru ánægðir með þá menntun sem þeir fá.
- MNL eru ánægðir með aðstöðu til náms.
- MNL eru almennt ánægðir með veru sína í Flensborg.

Íþróttáfrekssvið (tilvik sem valda því að nemendur hefja nám á íþróttáfrekssviðinu).

- Áhugi fyrir íþróttinni (35/43).
- Íþróttir og nám (25/43).
- Vilja bæta sig í íþróttinni (15/43).
- Hvatning (15/43).

Íþróttáfrekssvið (tilvik sem valda því að nemendur hætta námi á íþróttáfrekssviðinu).

- Hætti að æfa (21/43).
- Álag (19/43).
- Hvatning (15/43).
- Skipulag af hálfu félags (9/43).
- Meiðsl (7/43).

Endurmenntun og þjálfun kennara (EPK).

- Nám kennara nýtist vel í starfi (95%).
- 100% þátttakenda segja fyrri reynslu nýtast vel í starfi.

- 78% þátttakenda segja að EPK nýtist vel í starfi.
- Yfirmenn hvetja starfsmenn til EPK (53%).
- 67% þátttakenda fannst þeir fá nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannaviðtal.
- 61% þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel við að setja sig inn í efni viðtalsins.
- 57% þátttakenda svarar „hvorki né“ þegar spurt er um ánægju með EPK innan skólans.
- 56% þátttakenda fannst framkvæmdin á viðtalinu vera góð.
- 50% þátttakenda telja viðtölin hafa góð áhrif á starfsþróun sína.

Endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS).

- Nám starfsmanna nýtist vel í starfi (53%).
- 66% þátttakenda segja fyrri reynslu nýtast vel í starfi.
- 78% þátttakenda segja að EPS nýtist vel í starfi.
- Yfirmenn hvetja starfsmenn til EPS (53%).
- 67% þátttakenda finnst þeir fá tækifæri til endurmenntunar.
- 80% þátttakenda fannst þeir fá nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannaviðtal.
- 60% þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel við að setja sig inn í efni viðtalsins.
- 63% þátttakenda fannst framkvæmdin á viðtalinu vera góð.
- 80% þátttakenda telja viðtölin hafa góð áhrif á starfsþróun sína.

Útskriftarnemar.

- eru ánægðir með þá menntun sem þeir fá.
- eru ánægðir með aðstöðu til náms.
- Tuttugu og níu prósent útskriftarnema hyggja á háskólanám næsta haust.

Hlýtt á starfsmenn (styrkleikar).

- Jákvæður skólabragur.
- Góðar viðtökur.
- Skipulag (töflur og próf).

Hlýtt á starfsmenn (veikleikar).

- Viðhorf til skólans.
- Stórir hópar.
- Taka afreksíþróttir tíma frá námi?

Hlýtt á starfsmenn (tækifæri).

- Athuga hvort mögulegt sé að hafa þrjár annir í stað tveggja.

Hlýtt á starfsmenn (ógn).

- Niðurskurður í skólakerfinu.

Stefna í skólamálum.

- Starfsmenn á starfsbraut eru sáttir við stefnu í skólamálum.
- Gott að fá vikuleg bréf um atburði liðinnar viku.
- Mætti bæta boðskipti.
- Hefur uppbygging stjórnkerfisins verið kynnt öllum starfsmönnum?
- Óánægja með starfsmannaviðtölin.
- Heimanám hefur virkað vel.
- Flensborgardagurinn hefur góð áhrif á samskipti nemenda og kennara.
- Gott að matsalur nemenda og kennara sé aðskilinn.
- Kennarar þurfa að mæta betur t.d. í morgunmat dimmitenta og eins í matinn um kvöldið.

Skýrslur deilda (raungreinasvið).

- Ný hægerð í stærðfræði fyrir félags-, mála- og upplýsinga- og fjölmiðlabraut.
- Nemendur á náttúrufræðibraut taka ekki lengur nátt103, 113 og 123, heldur byrja raungreinakeðjur í sérfögum efn103 er undanfari fyrir eðl103 og líf103. Enginn undanfari er fyrir jar103.
- Kennarar í stærðfræði hafa sett saman námsefni fyrir ákveðna hópa í stærðfræði.
- Í líffræði er samstarf við stofnfrumudeild Blóðbankans.
- Kennarar á sviðinu áttu í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og grunnskóla bæjarins.
- Kennarar á sviðinu kvarta undan hæggengum tölvum í tölvustofum.
- Námskrárvinna tók mikinn tíma á skólaárinu.
- Sparnaður setti svip sinn á skólalastarfið.

Skýrslur deilda (málasvið).

- Kennarar á sviðinu áttu í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og grunnskóla bæjarins.
- Nýr þverfaglegur áfangi, ens/sag 683, var kenndur á vorönn 2010.
- Unnið var með ýmsar leiðir í námsmati.
- Kennarar vinna meira með þematengd verkefni á kostnað hefðbundinna kennslubóka.
- Í athugun er að steypa saman dan 293 og dan 102 í einn heilsárs-áfanga.
- Áætlað var að fara með nemendur í spænsku í hljóðver, en tölvur skólans bjóða ekki upp á slíkt.
- Mikil óánægja var meðal frönsku- og þýskukennara með að sami fagstjóri væri í frönsku, þýsku og spænsku.
- Unnið var með nýja kennslubók í þýsku 103.

Skýrslur deilda (félagsgreinasvið).

- Unnið var með nýja kennslubók í fél 323.
- Í haust er áætlað að hver áfangi í þr teljist tvær einingar í stað einnar.
- Lkn fékk heimsóknir m.a. frá vistvernd og mannréttindastofu.
- Nýr þverfaglegur áfangi, sag/ens 683, var kenndur á vorönn 2010.
- Ný kennslubók var tekin upp í sál 103.
- Sérsvið upplýsinga- og fjölmiðlabrautar hefur verið lengt en ekki er um hreina viðbót að ræða þar sem aðrir hlutar námsins voru styttilir.

Aðgerðaáætlun

Líkt og undanfarin ár var útkomu úr kennaramati síðasta skólaárs komið til viðkomandi kennara eins fljótt og mögulegt var. Í einstaka tilfellum ber útkoman úr kennaramatinu með sér að grípa þurfi til aðgerða. Kennarar eru hvattir til að skoða útkomuna ítarlega, taka hana til umræðu og meta viðbrögð og athuga hvað sé vel gert, hvað sé ekki eins vel gert, hvað megi betur fara og aðra þætti sem fram koma í matinu.

Pegar útkomu kennaramatsins hafði verið komið í hendur viðkomandi kennara átti skólameistari viðtöl við þá. Það er mat sjálfsmatshópsins að útkoman úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða nema í nokkrum tilvikum. Í opnum spurningum matsins komu fram ábendingar um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna var lögð áhersla á að kennarar skoði útkomuna ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð.

Nemendur af landsbyggðinni segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur þaðan ánægðir með veru sína í skólanum (94%). Útkoman úr verkefninu bendir þess vegna ekki til þess að það sé ástæða til sérstakra aðgerða vegna þessara nemenda.

Við athugun á ípróttaafrekssviðinu var reynt að meta af hverju nemendur sækja um nám á sviðinu og jafnframt hvaða þættir leiða til þess að nemendur hætta. Áhugi á ípróttum hvetur þá til að sækja um nám á ípróttaafrekssviðinu. Hvating frá þjálfurum, forráðamönnum og jafnöldrum hefur líka áhrif á áhuga þeirra. Auk þess sjá þeir tækifæri til þess að stunda íprótt sína og nám af kappi. Helsta ástæðan fyrir því að þeir hverfa af sviðinu er sú að þeir hætta að æfa ípróttir. Einnig setur álag og meiðsl strik í reikninginn hjá þeim. Lagt er til að þjálfarar og forráðamenn bendi nemendum á ípróttaafrekssviðið sem valkost í námi. Auk þess er mælt til þess að reynt verði að hafa vakandi auga með því álagi og hættu á meiðslum sem geta fylgt mikilli ípróttþjálfun.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun kennara (EPK) kom í ljós að 95% þátttakenda telja að nám þeirra nýtist vel í starfi, 100% segja að fyrri reynsla nýtist líka vel í starfi auk þess sem 78% þátttakenda segja að sú EPK, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Fram kemur að 46% telja að yfirmenn hvetji þá til EPK.

Um 67% þátttakenda fannst þeir fá nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannasamtali. Um 61% þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel til að setja sig inn í efni samtalsins og 56% fannst framkvæmdin á samtalinu vera góð. Fimmtíu og sex prósent þátttakenda telja jákvætt að eiga kost á starfsmannaviðtali árlega héðan í frá og 50% telur starfsmannasamtöl hafa góð áhrif á starfsþróun sína. Þrjátíu og sjö prósent kennara vita ekki hvar þeir geti sótt um styrki til EPS erlendis en meirihluti kennara sækir námskeið á vegum fagfélaga viðkomandi, endurmenntunar HÍ eða annarra aðila. Fimmtíu og sjö prósent þátttakenda svara „hvorki né“ þegar þeir eru spurðir um ánægju með EPK innan skólans. Kennurum er bent á að sækjast eftir EPK sem tengist viðkomandi kennslugrein, framsetningu á kennsluefni, námskrágerð, hugbúnaði til kennslu og kennsluháttum. Rétt er að reyna að draga fram með skýrari hætti hvernig og hvar mögulegt er að sækja um styrki til EPK erlendis.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS) kom í ljós að 53% þátttakenda telja að nám þeirra nýtist vel í starfi, 66% segja að fyrri reynsla nýtist líka vel í starfi og að sú EPS, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Fram kemur að 53% telja að yfirmenn hvetji þá til EPS. Um 67% þátttakenda finnst þeir fá tækifæri til að bæta þekkingu sína með því að sækja námskeið. Áttatíu prósentum þátttakenda fannst þeir fá nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannasamtal. Um 60% þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel til að setja sig inn í efni samtalsins og 63% fannst framkvæmdin á því vera góð. Áttatíu og sjö prósent þátttakenda telur jákvætt að eiga kost á starfsmannasamtali árlega héðan í frá og 80% telja starfsmannasamtöl hafa góð áhrif á starfsþróun sína. Lagt er til að mannauðsstjóri skólans skoði útkomuna vel og meti til hvaða aðgerða skuli grípa.

Útskriftarnemendur vorið 2010 segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum (96%) en 29% hyggja á háskólanám haustið 2010. Lagt er til að nemendur séu hvattir til þess að halda í einhversskonar framhaldsnám að loknu stúdentsprófi.

Í verkefninu Hlýtt á starfsmenn kom fram að nýir kennarar fá góðar viðtökur, skólabragur sé jákvæður og skipulag við töflu og prófagerð sé gott. Almennt viðhorf til skólans má líta á sem veikleika ásamt stærð hópa. Jafnframt er spurt hvort afreksípróttir

taki ekki tíma frá öðru námi nemenda. Ákveðin tækifæri geta falist í því að bjóða upp á þrjár annir í stað tveggja. Jákvætt er að fá vikulegt bréf um atburði liðinnar viku, bæta má boðskiptin og skýra má betur uppbyggingu stjórnkerfis skólans. Flensborgardagurinn hefur góð áhrif á samskipti nemenda og kennara. Gott er að matsalur nemenda og kennara sé aðskilinn. Kennarar þurfa að taka meiri þátt í dimmisjón með útskriftarnemendum. Því er lagt til að unnið verði að því að bæta ímynd skólans, athugað hvaða tækifæri felast í því að skipta skólaárinu í þrjár annir í stað tveggja. Einnig að unnið verði að því að bæta boðskipti innan skólans, að uppbygging stjórnkerfis skólans verði kynnt öllum starfsmönnum. Lagt er til að matsalur kennara og nemenda verði áfram aðskilin og að kennarar taki meiri þátt í dimmisjón með nemendum.

Skýrslur deilda (raungreinasvið). Mikil vinna fór í námskrárvinnu á skólaárinu og búið er að búa til nýja hægferð í stærðfræði fyrir nemendur á félags-, mála- og upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Auk þess er nemendum á náttúrufræðibraut ætlað að taka fleiri áfanga í efnafræði, eðlisfræði, jarðfræði og líffræði. Nemendur á náttúrufræðibraut koma ekki til með að taka svokallaða náttúrufræðiáfanga. Kennarar á sviðinu hafa unnið námsefni fyrir ákveðna hóp í stærðfræði. Kennarar í líffræði hafa átt í samstarfi við stofnfrumudeild Blóðbankans. Auk þess áttu kennarar innan sviðsins í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Kennarar á sviðinu kvarta undan hæggengum tölum í tölvustofum skólans og benda á að skólastarfið hafi verið litað sparnaði. Lagt er til að reynt verði að ljúka nýrri námskrárgerð á skólaárinu 2010 til 2011 og tækniþunaður skólans verði uppfærður eftir efnum og ástæðum.

Skýrslur deilda (málasvið). Vinna við nýja námskrá setti svip sinn á skólastarfið. Kennarar á sviðinu áttu í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og grunnskóla bæjarins. Nýr þverfaglegur áfangi ens/sag 683 var kenndur, unnið var með ýmsar leiðir í námsmati, þematengd vinna er í sumum tilfellum að ryðja hefðbundinni notkun kennslubóka úr vegi. Í athugun er að tengja saman grunnáfanga í dönsku 293 og 102 í einn heilsársáfanga, auk þess sem unnið var með nýtt námsefni í þýsku 103. Kennari í spænsku ætlaði að nota tölvustofur skólans sem hljóðver en það gekk ekki. Óánægja var meðal frönsku- og þýskukennara með að sami fagstjóri væri í frönsku, þýsku og spænsku. Lagt er til að unnið verði að sátt um fagstjórn í frönsku, þýsku og spænsku.

Lagt er til að reynt verði að ljúka vinnu við nýja námskrá skólaárið 2010 til 2011. Lagt er til að tæknibúnaður skólans verði uppfærður eftir efnunum og ástæðum.

Skýrslur deilda (félagsgreinasvið). Vinna við nýja námskrá setti svip sinn á skólafirrið. Ný kennslubók var tekin upp í féll 323 og sál 103. Nýr þverfaglegur áfangi sag/ens 683 var kenndur á vorönn 2010. Lkn fékk heimsóknir frá stofnunum eins og Vistvernd og Mannréttindastofu. Í haust er áætlað að hver áfangi í íþróttum teljist tvær einingar í stað einnar. Sérsvið upplýsinga- og fjölmiðlabrautar hefur verið lengt. Lagt er til að áætluðum breytingum í íþr verði hrint í framkvæmd. Lagt er til að vinnu við nýja námskrá verði lokið á skólaárinu 2010 til 2011.

Inngangur

Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Auk þess segir í lögum um framhaldsskóla að þeir eigi að innleiða aðferðir til sjálfsmats sem á að ná til allra þátta skólafarfsins.

Kennara/áfangamatið byggist á hugmyndum Arreola um slíkt mat sem eru birtar í bókinni *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Að auki byggist sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði á grunnhugmyndum Kurt Lewines um „starfendarannsóknir” (Marrow 1969). Að öðru leyti ráða verkefni, sem liggja fyrir hverju sinni, hvaða rannsóknaraðferðum er beitt.

Frá haustinu 1998 hefur sérstakur stýrihópur haft umsjón með sjálfsmati skólans. Í fyrsta stýrihópnum sátu skólameistari, fulltrúi kennara, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og tveir fulltrúar nemenda. Að auki vann aðstoðarskólameistari með hópnum.

Í stýrihópi haustannar 2009 voru Magnús Þorkelsson skólameistari, Hrefna Geirsdóttir aðstoðarskólameistari, Unnar Örn Þorsteinsson kennari í ensku, Ragnheiður Kristjánsdóttir kennari í dönsku, Guðmunda Birgisdóttir kennari í sálfræði, Sigurbjörg Anna Guðnadóttir kennari í stærðfræði og Bryndís Jónsdóttir mannauðsstjóri. Verksvið þessa hóps var að ákveða hvað ætti að meta, að stjórna og skipuleggja verkefni, afla

gagna, greina gögn og skrifa matsskýrslur. Unnar Örn Þorsteinsson stýrði vinnu sjálfsmatshópsins.

Sjálfsmatshópurinn valdi að vinna afmörkuð verkefni með hliðsjón af vinnu síðasta árs og óskum sem fram komu á skólaárinu. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun var framkvæmt áfangamat á félagsgreinasviði skólans. Á vorönninni var sjálfsmatsáætlun fylgt frekar eftir og frekari gögnum safnað um félagsgreinasviðið. Áfangamatið fólst í því að nemendur voru fengnir til þess að svara spurningalista um viðhorf þeirra til kennslu og náms á félagsgreinasviði skólans. Reynt var að miða við fimm stiga kvarða (+ + 0 - -) og var skoðað hvorum megin við 0 svörin féllu; þau svör sem féllu mínus megin voru álitin veikleiki en þau svör sem féllu plús megin voru álitin styrkleiki (Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004). Verkefni um kaffistofuna í Hamri var unnið á haustönn 2009, og verkefni um vinnu með skóla. Á vorönninni var unnið verkefni um endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Verkefni um íþróttáafrekssviðið var unnið auk verkefna um ákveðna áfanga í íslensku og náttúrufræði. Verkefnið Hlýtt á nemendur var ekki unnið skólaárið 2009 til 2010. Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var unnið á vorönn 2010. Sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr skýrslum deilda í júní 2010. Útskriftarnemendur voru spurðir um menntun, aðstöðu, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið Móttaka nemenda af landsbyggðinni var unnið á vorönn 2010. Auk þess skilaði matarnefnd skólans inn skýrslu.

Aðferð við mat

Unnin voru þrjú verkefni sem tengdust sjálfsmati á haustönninni 2009. Það fyrsta sneri að verkefninu Vinna með skóla sem lagt var fyrir alla nemendur skólans snemma í september (viðauki 2). Annað verkefnið, sem lagt var fyrir í október, sneri að móttöku nemenda af landsbyggðinni (viðauki 6). Landsbyggðarverkefnið var lagt fyrir nemendur með lögheimili í póstnúmeri 300 og fyrir ofan. Hið síðasta sneri að kennaramatinu sem lagt var fyrir hópa á félagsgreinasviði um miðjan nóvember (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009 (viðauki 1) verkefnið um kaffistofuna í Hamri var síðasta verkefni haustannar 2009 (viðauki 5).

Á vorönninni var kennaramatið endurtekið fyrir þá áfanga á félagsgreinasviði sem eingöngu voru kenndir á vorönn. Auk þess var matið endurtekið fyrir nokkra áfanga til að fá skýrari útkomu. Markmiðið með kennaramatinu var að kanna hversu vel kennsluáðferðir falla að þörfum nemenda. Spurt var um viðhorf nemenda til áfanga, námsefni, væntingar og markmið, notkun tímans og viðhorf til kennara (Arreola, R. A 1995; PISA 2002; PISA 2004; PISA 2007; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki 1).

Verkefnið Móttaka nemenda af landsbyggðinni var endurtekið á vorönninni 2010. Tekin voru viðtöl við nemendur með lögheimili í póstnúmeri 300 og fyrir ofan eins og áður segir (viðauki 6). Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að draga fram viðhorf landsbyggðar nemenda til skólans og þær viðtökur sem þeir fá í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

Verkefnið Starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna var unnið á vorönninni 2010. Öllum starfsmönnum skólans var boðið að svara fjölvalsspurningum um starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að meta stöðu starfsmannasamtala, endurmenntunar og þjálfunar starfsmanna skólans (Ómar H. Kristmundsson, 2007) (viðauki 8).

Verkefnið um ípróttaafrekssviðið var með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í vor. Verkefnið byggðist upp á „Critical Incident“- aðferðafræði John Flanagans. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að draga fram af hverju nemendur sækja um nám á ípróttaafrekssviðinu og af hverju nemendur gefast upp á því námi (viðauki 8).

Forvarnaverkefnið var unnið með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í september. Meginmarkmiðið með því verkefni var að staðfesta stöðu atvinnumála meðal nemenda sumarið 2009 (viðauki 2).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2010 (viðaukar 11, 12 og 13). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans. (Lög um framhaldsskóla, 2008; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009).

Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2010, voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com> (viðauki 9).

Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var lagt fyrir á vinnufundi meðal starfsmanna skólans vorið 2010. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá viðhorfum kennara. Auk þess var reynt að draga fram mynd af stöðu við vinnu við nýja námskrá skólans (viðauki 10).

Auk hefðbundinna verkefna var gerð sérstök svót- athugun á nýjum áfanga í íslensku og mat var lagt á viðhorf nemenda í ákveðnum náttúrufræðiáfanga til verklegra æfinga. Einnig var unnið verkefni um kaffistofuna í Hamri og matarnefnd vann skýrslu um mat á vinnustað. Starfsbrautin hefur líka unnið sjálfsmatsskýrslu fyrir brautina sína.

Aðferðin við matið byggðist á eftirfarandi þáttum:

Þróun matstækja

Vali á þátttakendum

Gagnasöfnun

Greiningu gagna

Þróun matstækja

Við kennaramatið var stuðst við spurningar þróaðar af Arreola (1995), (McKeachie, 1999) (viðauki 1). Spurningalistinn stóð saman af fjölvalsspurningum og fjórum opnum spurningum. Sjálfsmatshópurinn valdi spurningar sem síðan voru þýddar yfir á íslensku

samkvæmt leiðbeiningum Maxwells (1996a) og Mullis (1996). Spurningalistinn var forprófaður í einstaka nemendahópum. Tilgangurinn með forprófun var að kanna hvort spurningarnar svöruðu því sem leitað var eftir. Í öðru lagi kemur fram hvort þátttakendur skilja auðveldlega um hvað er verið að spyrja. Að síðustu segir forprófun til um hvort spurningarnar, sem lagðar eru fyrir nemendur, veiti þær upplýsingar sem leitað er eftir (Airasian, 2007; Creswell 2001; Miller, 2010; Whitley 1996;).

Í mati á endurmenntun og þjálfun kennara og starfsmanna var spurt um stöðu til þeirra mála í nútíð, hvers konar endurmenntun komi sér vel fyrir viðkomandi kennara/starfsmann Flensborgarskólans. Spurt var um hvatningu til endurmenntunar og þjálfunar, styrkveitingar og um nýtingu þeirra 80 stunda í endurmenntun og þjálfun utan starfstíma skóla sem kveðið er á um í kjarasamningi framhaldsskólakennara og ríkisins (Ómar H. Kristmundsson 2007).

Hið hefðbundna forvarnaverkefni fjallaði um stöðu atvinnumála hjá nemendum. Verkefnið var lagt fyrir rafrænt með aðstoð <http://www.zoomerang.com> haustið 2009 og spurt var um hvort nemendur hefðu fengið sumarvinnu (viðauki 2).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2010 (viðaukar 11, 12 og 13). Reynt var að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans. (Lög um framhaldsskóla 2008; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009). Auk þess hafa sviðsstjórar sett inn liði sem þeim þykir viðeigandi fyrir sérhvert svið.

Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2010, voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Útskriftarnemendur fengu sendan rafpóst frá skólameistara sem í var krækja á vefsíðu. Á þessari vefsíðu voru nemendur beðnir um að svara fjölvalsspurningum um ofangreinda þætti (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki 9).

Svipað verkefni var lagt fyrir nemendur af landsbyggðinni haustið 2009 og svo endurtekið með viðtölum vorið 2010. Reynt var að draga fram viðhorf landsbyggðar-nemenda til skólans og þær viðtökur sem þeir fá í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði (viðauki 6).

Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var það síðasta sem lagt var fyrir í sjálfsmati skólaárið 2009 – 2010. Kennarar fengu opnar spurningar um hvað hefi gengið vel, hvað illa, hvar tækifæri kunni að liggja og hverjar ógnir kunni að hafa áhrif á starfsemi skólans. Einnig var spurt um stefnu í skólamálum (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki 10).

Verkefnið um ípróttaafrekssviðið var með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í vor. Verkefnið byggðist upp á „Critical Incident“- aðferðafræði John Flanagans. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að draga fram af hverju nemendur sækja um nám á ípróttaafrekssviðinu og af hverju nemendur gefast upp á því námi (viðauki 7).

Val þáttakenda

Við kennara/áfangamatið svöruðu nemendur spurningunum hjá kennurum á félagsgreinasviði (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009). Öllum kennurum og starfsmönnum var boðin þátttaka í verkefninu Endurmenntun og þjálfun starfsmanna (Ómar H. Kristmundsson 2007). Öllum nemendum skólans var boðin þátttaka í forvarnaverkefninu (Sjálfsmat skólaárin, 2001 – 2009; Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001). Öllum nemendum sem hætt höfðu á ípróttaafrekssviðinu var boðin þátttaka í því verkefni (Flanagan 1954; 1949). Kennarar voru beðnir um að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir hvern áfanga fyrir sig. Þeim skrifum var ætlað að liggja til grundvallar skýrslum deilda (Airasian 1997; Lög um framhaldsskóla 2008). Verkefnið Hlýtt á kennara/starfsmenn var lagt fyrir á vordögum 2010. Öllum útskriftarnemum vorið 2010 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2010. Öllum nemendum með lögheimili í pósthúsi 300 og hærra var boðin þátttaka í verkefninu Móttaka nemenda af landsbyggðinni. Öllum nemendum í íslensku 343 og náttúrufræði 103 var boðin þátttaka í mati á þeim áföngum. Öllum starfsmönnum var boðin þátttaka í verkefninu kaffistofan Hamri (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009).

Gagnasöfnun

Áfangamatskönnunin var lögð fyrir nemendur í annarri viku nóvembermánaðar árið 2010. Þessi könnun var endurtekin fyrir þá áfanga sem einungis eru kenndir á vorönn 2010 og fyrir þá áfanga sem ekki virtist nægt þátttaka í þegar verkefnið var lagt fyrir í

nóvember 2009. Verkefnið var unnið rafrænt í gegnum innra net skólans. (Creswell 2001; Miller, 2010; Sjálfsmat skólaárin 2001 - 2009). Þeir kennarar, sem áhuga höfðu, gátu lagt matið fyrir alla sína áfanga bæði á haust- og vorönn og nokkrir kennarar nýttu sér það (Framhaldsskólalög 1996; Fullan 1999; Iwanicki 2001; Iwanicki 1990; Marrow 1969; Maxwell 1996b; McKeachie 1999; McNiff 2001).

Þátttakendum í verkefninu um starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna voru sendar fjölvalsspurningar í aprilmánuði með aðstoð zoomerang.com. Spurt var um starfsmannasamtölin, nám, reynslu, endurmenntun, hvatningu til endurmenntunar og þjálfunar, væntingar um námskeið í náninni framtíð og hvar mögulegt sé að sækja um styrki og um nýtingu þeirra 80 stunda sem starfsmönnum er ætlað í endurmenntun og þjálfun á starfstíma skóla. (Airasian, 2007, Flanagan 1949;1954; Fullan; 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009). Forvarna/lífsstíls- verkefnið var endurtekið í september 2009. Þetta árið var reynt að staðfesta mat á atvinnuástandi hjá nemendum sumarið 2009. Öllum útskriftarnemum vorið 2010 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2010. Verkefnið var lagt fyrir í rafrænu formi með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í lok vorannar 2010 (viðauki 9). Gögnum fyrir verkefnið Móttaka nemenda af landsbyggðinni var safnað með svipuðum hætti auk viðtala sem framkvæmd voru á vorönn 2010 (viðauki 6). Gögnum fyrir athugun á íþróttaafrekssviðinu var safnað með svipuðum hætti og fyrir verkefnið Móttaka nemenda af landsbyggðinni. Gögnum úr verkefninu Hlýtt á kennara var safnað saman eftir vinnufund kennara vorið 2010 (viðauki 10).

Sviðsstjórar sáu um vinnu við skýrslur deilda og var samantekt úr þeim skilað inn í júní 2009. Grunnurinn að skýrslum deilda er sóttur í Lög um framhaldsskóla frá árinu 2008 (viðaukar 11, 12 og 13).

Greining gagna

Eftir að söfnun gagna úr kennara/áfangamatinu lauk sá sjálfsmatsstjóri um að lesa gögnin, greina þau og búa til tíðnitöflur fyrir hverja spurningu. Skólameistari og sjálfsmatsstjóri sáu um frekari greiningu þessara gagna. Sjálfsmatsstjóri sá um flokkun og greiningu gagna úr verkefninu Endurmenntun og þjálfun starfsmanna, mannauðsstjóri flokkaði þau gögn frekar. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu og flokkun gagna úr

forvarnaverkefninu (Nám og vinna). Sviðsstjórar lásu skýrslur deilda og unnu gagnlegar upplýsingar úr þeim. Skólameistari sá um greiningu gagna úr verkefninu Hlýtt á starfsmenn. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu gagna úr verkefninu Útskriftarnemar vorið 2010. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu gagna fyrir verkefnið Móttaka nemenda af landsbyggðinni og verkefninu sem fjallaði um ípróttaafrekssviðið.

Útkoma

Í matsyfirliti þessarar skýrslu kemur fram útkoma úr lokuðu spurningunum í áfangamatinu. Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að hún var tilbúin. Skólameistari átti viðtöl við kennara í framhaldi af því. Það er mat sjálfsmatshópsins að útkoman úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða. Í nokkrum tilvikum ber útkoman þó með sér að rétt sé að grípa til aðgerða. Í opnum spurningum matsins komu fram ábendingar um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna var lögð áhersla á að kennarar skoði útkomuna ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér best við þennan áfanga? Hér nefndu nemendur áfangann sjálfan helst.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga? Nemendur nefndu helst áfangann sjálfan sem þátt sem þeim líkaði ekki vel. En hópur nemenda sagði að það væri ekkert sem þeim líkaði ekki við.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvernig heldur þú að hægt sé að bæta þennan áfanga? Hér nefndu nemendur aftur áfangann sjálfan sem þann þátt sem bæta mætti.

Opin spurning í áfangamatinu – Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram? Hér svöruðu flestir nemendur með því að segja nei.

Nemendur af landsbyggðinni segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur af landsbyggðinni ánægðir með veru sína í skólanum (94%).

Við athugun á ípróttaafrekssviðinu var reynt að meta af hverju nemendur sækja um nám á sviðinu og jafnframt hvaða þættir leiða til þess að nemendur hætta. Áhugi á ípróttum hvetur nemendur til að sækja um nám þar, hvating frá þjálfurum,

forráðamönnum og jafnöldrum hefur líka áhrif á áhuga nemenda á því. Auk þess sjá nemendur tækifæri til þess að stunda bæði íþrótt sína og nám af kappi. Helsta ástæðan fyrir því að þeir hverfa af sviðinu er sú að þeir hætta að æfa íþróttir, þá setur álag og meiðsl líka strik í reikninginn hjá þeim.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun kennara (EPK) kom í ljós að 95% þátttakenda telja að nám þeirra nýtist vel í starfi, 100% segja að fyrri reynsla nýtist líka vel í starfi auk þess sem 78% þátttakenda segja að sú EPK, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Fram kemur að 46% telja að yfirmenn hvetji þá til EPK.

Um 67% þátttakenda fannst þeir fá nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannasamtal. Sextíu og einu prósentu þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel til að setja sig inn í efni samtalsins og 56% fannst framkvæmdin á samtalinu vera góð. Fimmtíu og sex prósent þátttakenda telja jákvætt að eiga kost á starfsmannasamtali árlega héðan í frá og 50% telja starfsmannasamtöl hafa góð áhrif á starfsþróun sína. Þrjátíu og sjö prósent kennara vita ekki hvar þeir geta sótt um styrki til EPS erlendis en meirihluti kennara sækir námskeið á vegum fagfélaga viðkomandi, endurmenntunar HÍ eða annarra aðila. Fimmtíu og sjö prósent þátttakenda svara „hvorki né“ þegar þeir eru spurðir um ánægju með EPK innan skólans.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS) kom í ljós að 53% þátttakenda telja að nám þeirra nýtist vel í starfi, 66% segja að fyrri reynsla nýtist líka vel í starfi og að sú EPS, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Fram kemur að 53% telja að yfirmenn hvetji þá til EPS. Sextíu og sjö prósentum þátttakenda finnst þeir fá tækifæri til að bæta þekkingu sína með því að sækja námskeið. Áttatíu prósentum þátttakenda fannst þeir fá nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannasamtal. Sextíu prósentum þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel til að setja sig inn í efni samtalsins og 63% fannst framkvæmdin á samtalinu vera góð. Áttatíu og sjö prósent þátttakenda telja jákvætt að eiga kost á starfsmannaviðtali árlega héðan í frá og 80% telja starfsmannaviðtöl hafa góð áhrif á starfsþróun sína.

Útskriftarnemendur vorið 2010 segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum (96%) en 29% þeirra hyggja á háskólanám haustið 2010.

Í verkefninu Hlýtt á starfsmenn kom fram að nýir kennarar fá góðar viðtökur, skólabragur sé jákvæður og skipulag við töflu og prófagerð sé gott. Almenn viðhorf til skólans má líta á sem veikleika ásamt stærð hópa. Jafnframt er spurt hvort afreksípróttir taki ekki tíma frá öðru námi nemenda. Ákveðin tækifæri geta falist í því að bjóða upp á þrjár annir í stað tveggja. Jákvætt er að fá vikulegt bréf um atburði liðinnar viku, bæta má boðskiptin og skýra má betur uppbyggingu stjórnkerfis skólans. Flensborgardagurinn hefur góða áhrif á samskipti nemenda og kennara. Gott er að matsalur nemenda og kennara sé aðskilinn. Kennarar þurfa að taka meiri þátt í dimmisjón með útskriftarnemendum.

Skýrslur deilda (raungreinasvið). Mikil vinna fór í námskrárvinnu á skólaárinu og búið er að búa til nýja hægferð í stærðfræði fyrir nemendur á félags-, mála- og upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Auk þess er nemendum á náttúrufræðibraut ætlað að taka fleiri áfanga í efnafræði, eðlisfræði, jarðfræði og líffræði. Nemendur á náttúrufræðibraut koma ekki til með að taka svokallaða náttúrufræðiáfanga. Kennarar á sviðinu hafa unnið námsefni fyrir ákveðna hópa í stærðfræði. Kennarar í líffræði hafa átt í samstarfi við stofnfrumudeild Blóðbankans. Auk þess áttu kennarar innan sviðsins í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Kennarar á sviðinu kvarta undan hæggengum tölvum í tölvustofum skólans og benda á að skólastarfið hafi verið litað sparnaði.

Skýrslur deilda (málasvið). Vinna við nýja námskrá setti svip sinn á skólastarfið. Kennarar á sviðinu áttu í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og grunnskóla bæjarins. Nýr þverfaglegur áfangi ens/sag 683 var kenndur, unnið var með ýmsar leiðir í námsmati, þematengd vinna er í sumum tilfellum að ryðja hefðbundinni notkun kennslubóka úr vegi. Unnið var með nýtt námsefni í þýsku 103. Kennari í spænsku ætlaði að nota tölvustofur skólans sem hjóðver en það gekk ekki. Óánægja var meðal frönsku- og þýskukennara með að sami fagstjóri væri í frönsku, þýsku og spænsku.

Skýrslur deilda (félagsgreinasvið). Vinna við nýja námskrá setti svip sinn á skólastarfið. Ný kennslubók var tekin upp í fél 323 og sál 103. Nýr þverfaglegur áfangi sag/ens 683 var kenndur á vorönn 2010. Lkn fékk heimsóknir frá stofnunum eins og Vistvernd og Mannréttindastofu. Í haust er áætlað að hver áfangi í ípróttum teljist tvær einingar í stað einnar. Sérsvið upplýsinga- og fjölmiðlabrautar hefur verið lengt.

Niðurstöður/Umræða

Áfangamatið var lagt fyrir á félagsgreinasviði skólans í lok haustannar 2009 og endurtekið í lok vorannar fyrir þá áfanga sem ekki voru kenndir á haustönn og fyrir þá áfanga sem ekki virtist nægt þátttaka, þegar verkefnið var lagt fyrir í nóvember 2009. Útkoman bendir ekki til þess að þörf sé sérstakra aðgerða fyrir félagsgreinasvið. Fram kemur að nemendur fá reglulega vitnisburð um námslega stöðu sína. Nemendur segja að námsefnið sé þeim ekki erfitt. Markmið áfanganna eru vel útskýrð og námsefnið fellur vel að markmiðum áfanganna. Kennarar nýta kennslustundirnar vel og auðvelt er að spyrja spurninga í tímum. Nauðsynlegt er að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu en nemendur eru ekki alveg tilbúnir til að viðurkenna að þeir búi sig vel undir tíma. Kennarar fylgja kennsluáætlunum vel eftir, nemendur eru ánægðir með kennara og áfangarnir á félagsgreinasviði eru góðir.

Í matsyfirliti þessarar skýrslu kemur fram útkoma úr lokuðu spurningunum í áfangamatinu. Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að hún var tilbúin. Skólameistari átti viðtöl við kennara í framhaldi af því. Það er mat sjálfsmatshópsins að útkoman úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða. Í nokkrum tilvikum ber útkoman þó með sér að rétt sé að grípa til aðgerða. Í opnum spurningum matsins komu fram ábendingar um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna var lögð áhersla á að kennarar skoði útkomuna ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð. Í opnum spurningum um áfanga eða kennaramatið gerðu nemendur oftast athugasemdir við áfangann sjálfan.

Nemendur af landsbyggðinni segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur af landsbyggðinni ánægðir með veru sína í skólanum (94%). Frekar illa gekk að fá nemendur til að svara rafrænum könnunum og því voru þeir kallaðir í viðtöl. Hins vegar virðist ekki koma fram munur á móttöku nemenda af landsbyggðinni og annarra nemenda við skólann. Kannski má líka benda á að almennt kemur ekki fram mismunur á viðhorfum til skólans hvort sem mælt er eftir aldri, kyni, búsetu eða stöðu í námi.

Við athugun á ípróttaafrekssviðinu var reynt að meta af hverju nemendur sækja um nám á sviðinu og jafnframt hvaða þættir leiða til þess að þeir hætti þar. Áhugi á ípróttum hvetur þá til að sækja um nám á því, hvating frá þjálfurum, forráðamönnum og jafnöldrum hefur líka áhrif á áhuga á því. Auk þess sjá þeir tækifæri til þess að stunda bæði íprótt sína og nám sitt af kappi. Helsta ástæðan fyrir því að þeir hverfa af sviðinu er sú að þeir hætta að æfa ípróttir. Þá setur álag og meiðsl líka strik í reikninginn hjá þeim. Eftirtektarvert er hversu mikil hvatning frá þjálfurum, forráðamönnum og jafnöldrum hefur á aðsókn að ípróttaafrekssviðinu. Fram undan er ákveðin breyting í tímafjölda og einingafjölda áfanga í ípróttum og ætlunin er að reyna að meta viðhorf nemenda til þeirra breytinga skólaárið 2010 til 2011.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun kennara (EPK) kom í ljós að 95% þátttakenda telja að nám þeirra nýtist vel í starfi, 100% segja að fyrri reynsla nýtist líka vel í starfi auk þess sem 78% þátttakenda segja að sú EPK, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Fram kemur að 46% telja að yfirmenn hvetji þá til EPK. Um 67% þátttakenda fannst þeir fá nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannasamtal. Sextíu og einu prósent þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel til að setja sig inn í efni samtalsins og 56% fannst framkvæmdin á samtalinu vera góð. Fimmtíu og sex prósent þátttakenda telja jákvætt að eiga kost á starfsmannasamtali árlega héðan í frá og 50% telur starfsmannasamtöl hafa góð áhrif á starfsþróun sína. Þrjátíu og sjö prósent kennara vita ekki hvar þeir geta sótt um styrki til EPK erlendis en meirihluti kennara sækir námskeið á vegum fagfélaga viðkomandi, endurmenntunar HÍ eða annarra aðila. Fimmtíu og sjö prósent þátttakenda svara „hvorki né“ þegar þeir eru spurðir um ánægju með EPK innan skólans. Það kemur fram einhver munur á svipaðir athugun og gerð var skólaárið 2008 til 2009 sem rétt er að mannauðsstjóri í samvinnu við stjórnendur skólans leggi mat á aðgerðir út frá svörum kennara.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS) kom í ljós að 53% þátttakenda telja að nám þeirra nýtist vel í starfi, 66% segja að fyrri reynsla nýtist líka vel í starfi og að sú EPS, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Fram kemur að 53% telja að yfirmenn hvetji þá til EPS. Um 67% þátttakenda finnst þeir fá tækifæri til að bæta þekkingu sína með því að sækja námskeið. Áttatíu prósent þátttakenda fannst þeir fá

nægilegan tíma til að búa sig undir starfsmannasamtal. Sextíu prósentum þátttakenda fannst undirbúningsblaðið koma sér vel til að setja sig inní efni samtalsins og 63% fannst framkvæmdin á samtalinu vera góð. Áttatíu og sjö prósentum þátttakenda telja jákvætt að eiga kosta á starfsmannasamtali árlega héðan í frá og 80% telja starfsmannasamtöl hafa góð áhrif á starfsþróun sína. Það kemur fram greinilegur mismunur á viðhorfum til endurmenntunnar kennara annars vegar og starfsmanna hins vegar. Aftur er bent á að mannauðsstjóri í samvinnu við stjórnendur skólans reyni að meta aðgerðir út frá svörum starfsmanna.

Útskriftarnemendur vorið 2010 segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum (96%) en 29% þeirra hyggja á háskólanám haustið 2010. Það er álit sjálfsmatsstjóra að það sé áhyggjuefni hversu lágt hlutfall nemenda hyggur á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi.

Í verkefninu Hlýtt á starfsmenn kom fram að nýir kennarar fá góðar viðtökur, skólabragur sé jákvæður og skipulag við töflu og prófagerð sé gott. Almennt viðhorf til skólans má líta á sem veikleika ásamt stærð hópa. Jafnframt er spurt hvort afreksípróttir taki ekki tíma frá öðru námi nemenda. Ákveðin tækifæri geta falist í því að bjóða upp á þrjár annir í stað tveggja. Jákvætt er að fá vikulegt bréf um atburði liðinnar viku, bæta má boðskiptin og skýra má betur uppbyggingu stjórnkerfis skólans. Flensborgardagurinn hefur góða áhrif á samskipti nemenda og kennara. Gott er að matsalur nemenda og kennara sé aðskilinn. Kennarar þurfa að taka meiri þátt í dimmisjón með útskriftarnemendum.

Skýrslur deilda (raungreinasvið). Mikil vinna fór í námskrárvinnu á skólaárinu og búið er að búa til nýja hægferð í stærðfræði fyrir nemendur á félags-, mála- og upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Auk þess er nemendum á náttúrufræðibraut ætlað að taka fleiri áfanga í efnafræði, eðlisfræði, jarðfræði og líffræði. Nemendur á náttúrufræðibraut koma ekki til með að taka svokallaða náttúrufræðiáfanga. Kennarar á sviðinu hafa unnið námsefni fyrir ákveðna hópa í stærðfræði. Kennarar í líffræði hafa átt í samstarfi við stofnfrumudeild Blóðbankans. Auk þess áttu kennarar innan sviðsins í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Kennarar á sviðinu kvarta undan hæggingum tölvum í tölvustofum skólans og benda á að skólastarfið hafi verið litað sparnaði.

Skýrslur deilda (málasvið). Vinna við nýja námskrá setti svip sinn á skólastarfið. Kennarar á sviðinu áttu í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og grunnskóla bæjarins. Nýr þverfaglegur áfangi ens/sag 683 var kenndur, unnið var með ymsar leiðir í námsmati, þematengd vinna er í sumum tilfellum að ryðja hefðbundinni notkun kennslubóka úr vegi. Unnið var með nýtt námsefni í þýsku 103. Kennari í spænsku ætlaði að nota tölvustofur skólans sem hljóðver en það gekk ekki. Óánægja var meðal frönsku- og þýskukennara með að sami fagstjóri væri í frönsku, þýsku og spænsku.

Skýrslur deilda (félagsgreinasvið). Vinna við nýja námskrá setti svip sinn á skólastarfið. Ný kennslubók var tekin upp í fél 323 og sál 103. Nýr þverfaglegur áfangi sag/ens 683 var kenndur á vorönn 2010. Lkn fékk heimsóknir frá stofnunum eins og Vistvernd og Mannréttindastofu. Í haust er áætlað að hver áfangi í ípróttum teljist tvær einingar í stað einnar. Sérsvið upplýsinga- og fjölmiðlabrautar hefur verið lengt.

Lokaorð, umræða og ábendingar

Ákveðnir liðir virðast hafa öðlast fastan sess í sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Skýrslur deilda eru teknar saman á hverju skólaári. Skólaárið 2009 – 2010 fór fram áfangamat fyrir félagsgreinasvið skólans og skólaárið 2009 – 2010 fer fram áfangamat fyrir raungreinasvið skólans. Útskriftarnemar skólans á vorönn hafa verið spurðir um menntun, aðstöðu til náms og félagslíf í skólanum. Auk verkefnisins Hlýtt á starfsmenn var reynt að meta stöðu endurmenntunar og þjálfunar starfsmanna. Verkefni, sem snúa að forvörnum og lífsstíl nemenda, eru lögð fyrir á svo til hverju ári auk þess sem önnur sjálfsmatsverkefni eru lögð fyrir hagsmunaaðila skólans eftir því sem þurfa þykir og tækifæri gefast til. Hér má nefna verkefni sem sneri að námi og vinnu nemenda og verkefni um kaffistofuna í Hamri, mat á einstökum áföngum eins og íslensku 343 og náttúrufræði 103, og svo verkefnið um móttöku nemenda af landsbyggðinni. Reynt var að leggja sérstakt mat á íprótttaafrekssviðið en því verkefni verður haldið áfram næsta haust. Sérstök matarnefnd skilaði líka af sér skýrslu sem send var meirihluta starfsmanna skólans. Þá hefur starfsbrautin unnið sérstaka sjálfsmatsskýrslu sem spurning er hvort ekki verði hluti af eiginlegu sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði.

Það er álit sjálfsmatsstjóra að vinna við sjálfsmat skólaárið 2009 - 2010 hafi gengið vel. Verkefnin, sem unnin eru, bjóða upp á mismunandi aðferðafræði og

mikilvægt er að finna viðurkenndar leiðir sem henta hverju verkefni fyrir sig. Sem dæmi um önnur verkefni en hefðbundið áfanga/kennaramat fyrir skólaárið 2010 – 2011 má nefna áframhaldandi mat á íþróttum. Undirbúningur að þessum verkefnum er þegar hafinn og útkoma úr þeim ætti að koma fram í sjálfsmatskýrslu fyrir skólaárið 2010 – 2011.

Heimildir

- Abel, R. (2005). *Achieving Success in Internet Supported Learning in Higher Education: Illuminate Success Factors, Challenges, and Future Directions*. A-HEC. FL. USA.
- Airasian, P.W., Gullickson, A.R. (1997). *Teacher Self Evaluation-Tool Kit*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, CA. USA.
- Airasian, P.W., Gay, .L.R., Geoffrey, E. M. (2007) *Educational Research – Competencies for Analysis and Applications*. Prentice Hall. MJ.
- Angelo, T.A., & Cross, K.P. (1994). *Classroom Assessment Techniques: A Handbook for College Teachers*. Jossey-Bass. San Francisco. USA.
- Arreola, R.A. (1995). *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Anker Publishing Company. Bolton, MA. USA.
- Creswell, J.W. (2002). *Educational Research: Planning, Conducting, and Evaluating Quantitative and Qualitative Research*. Prentice Hall. N.Y.
- Denzin, N.K & Lincoln Y.S (Eds) (2000). *Handbook of qualitative Research*. Sage Publications, Inc., Thousand Oaks, CA. USA.
- Doran, H.C. (2004). Adding Value to Accountability. *Educational Leadership*. 61 (3), Nov. 55- 59.
- Flanagan, J.C. (1949). A New Approach to Evaluating Personnel. *Personnel*, 26, 35-42.
- Flanagan, J.C. (1954). The Critical Incident Technique. *Psychological Bulletin*, 51 (4), 327-358.
- Fullan, M. (1999). *Change Forces: The Sequel*. Falmer Press. Philadelphia, PA. USA.
- Iwanicki, E. (2001). *Focusing Teacher Evaluations on Student Learning*. *Educational Leadership*. Feb. 57-59.
- . (1990). "Teacher Evaluation for School Improvement." *The new handbook on teacher evalutaion*. Newbury Park, CA: Sage. 159-171.
- <http://www.zoomerang.com>
- Lög um framhaldsskóla frá 2008. *Alþingi*. Nr. 92. 12. júní.
- Mbl.is, 11. júlí, 2009. *50% flatur niðurskurður*. Sótt í rafrænt gagnasafn Morgunblaðsins þann 30. ágúst. Mbl.is/Árvakur hf. 2009.

- Marrow, A. J. (1969). *The Practical Theorist: The Life and Work of Kurt Lewine*. Basic Books, Inc., Publishers, New York, NY.
- Maxwell, B (1996) (a). "Translation and Cultural Adaptation of the Survey Instruments" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- Maxwell, A. J. (1996) (b). *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. Sage Publications, Inc. Thousand Oaks, CA.
- Miller, H.M. (2010). Online Evaluation: Fewer of them, but same results. *The Chronicle of Higher Education*. Vol. LVI, no. 36.
[http://chronicle.texterity.com/chronicle/20100521a?pg=12&search_term=Online Evaluation&search_term=Online Evaluation#pg12](http://chronicle.texterity.com/chronicle/20100521a?pg=12&search_term=Online%20Evaluation&search_term=Online%20Evaluation#pg12) . Sótt á veraldarvefinn í maí, 2010.
- Mullis, I.V.S., Kelly, D.L., & Haley, K. (1996). "Translation Verification Procedures" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- McKeachie, W.J. (1999). *Teaching Tips: Strategies, Research, and Theory for College and University Teachers*. Houghton Mifflin Company. MA. USA.
- McNiff, J, Pamela Lomax, and Jack Whitehead. (2001). *You and Your Action Research Project*. Routledge. London.
- Ómar H. Kristmundsson. (2007). Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006, niðurstöður. Fjármálaráðuneytið.
- PISA. (2002). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2000. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development.
<http://www.oecd.org/dataoecd/44/32/33691620.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í upphafi árs 2002.
- . (2004). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2003. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development.
<http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/1/63/34002454.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í lok árs 2004.
- . (2007). *Science Competencies for Tomorrow's World. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development.
<http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/15/13/39725224.pdf>. Sótt á veraldarvefninn vorið 2009.

Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólaárið 2001-2002. (2002). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2001-2002.

---. Sjálfsmat skólaárið 2002-2003. (2003). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2002-2003.

---. Sjálfsmat skólaárið 2003-2004. (2004). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2003-2004.

---. Sjálfsmat skólaárið 2004-2005. (2005). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2004-2005.

---. Sjálfsmat skólaárið 2005-2006. (2006). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2005-2006.

---. Sjálfsmat skólaárið 2006-2007. (2007). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2006-2007.

---. Sjálfsmat skólaárið 2007-2008. (2008). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2007-2008.

---. Sjálfsmat skólaárið 2008-2009. (2009). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2008-2009

Whitley, Bernard E, JR. (1995). *Principles of Research In Behavioral Science*. Mayfield Publishing Company. Mountain View, CA. USA.